

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 216/2020

frá 11. desember 2020

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1538 frá 11. október 2018 um samhæfingu fjarskiptatíðnirófsins til notkunar fyrir skammdrægan búnað á tíðnisviðunum 874-876 og 915-921 Mhz ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5czp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/784) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czq. **32018 D 1538**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1538 frá 11. október 2018 um samhæfingu fjarskiptatíðnirófsins til notkunar fyrir skammdrægan búnað á tíðnisviðunum 874-876 og 915-921 Mhz (Stjtíð. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 57).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvörðunin gildir ekki gagnvart Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1538, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 57.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.